

Endurreisnin: Endurskipulagning á erfiðum tímum
Ráðstefna KPMG - ráðstefnustjórn
5.11.2009

Ráðherra, ágætu fundargestir.

Er endurreisnin hafin? Svona er spurt í leiðara dagblaðs frá því fyrr í vikunni. Svarið er einfalt, hún er það vissulega, þó eflaust þyki flestum að hægt fari. Í slíkri vinnu, eftir hrun á borð við það sem varð hér fyrir ári, er hinsvegar í mörg horn að líta. Eitt þeirra mikilvægustu, sem jafnframt er ein megin forsenda endurreisnar hagkerfisins í heild, er endurskipulagning atvinnurekstrar. Þetta er viðfangsefni ráðstefnunnar í dag.

Ég vil þakka KPMG fyrir gott framtak að taka þetta mál til umfjöllunar. Endurskipulagning á rekstri og fjárhagsskipan íslenskra fyrirtækja til næstu missera er verulegt hagsmunamál fyrir íslenskt samfélag. Hversu vel gengur mun ráð miklu um efnahagslegar horfur til framtíðar, atvinnustig og þá um leið hag heimila í landinu. En um leið og mikilvægi verkefnisins er ljóst er einnig ljóst að viðfangsefnið er afar flókið og vandmeðfarið. Þetta sést líklega best á þeirri miklu og heitu umræðu sem nú á sér stað, á vettvangi stjórn mála, viðskiptalífs, fjölmiðla og í raun hvar sem fæti er drepit niður.

Spurningarnar, eða úrlausnarefnin, sem vakna í þessu umhverfi eru af margvíslegum toga. Þær tengjast aðkomu stjórnvalda, stjórnámálanna og framkvæmdavalds, þeim lagaramma sem endurskipulagning verður sniðinn, hvernig samkeppni verður tryggð og þeirri framtíðarsýn sem íslensku atvinnulífi verður búin og skortir á um þessar mundir.

Annar áberandi þátttakandi í endurskipulagningu fyrirtækja eru bankar og fjármálastofnanir. Völd þeirra, og þá um leið ábyrgð, eru veruleg og því áriðandi að þar liggja fyrir skýrt og sanngjarnt vinnulag, sem unnið er eftir, með það að markmiði að koma rekstri fyrirtækja í eðlilegt horf án þess að það komi niður á samkeppnihæfi atvinnulífs í formi samkeppnisraskana og ójafnræðis. Í þessum efnum er öll bið of löng.

Að lokum má nefna þær spurningar sem uppi eru um stöðu íslenskra fyrirtækja almennt. Ljóst er að í of mörgum tilvikum er hún verulega slæm og mörg fyrirtæki búa við það ófremdarástand að ekki hefur verið tekið á þeirra málum og alger óvissa ríkir um framtíð reksturs og eignarhalds. Slíkar aðstæður leiða til óheilbrigðra vinnubragða sem raska almennu rekstrarumhverfi innan atvinnugreina. Það er ljóst að fyrirtækjum sem ekki hafa skýrar rekstrarforsendur og heilbrigðan efnahagsreikning verður ekki stýrt til lengdar á eins hagkvæman máta og unnt er.

Það væri líklega óraunhæft að gera ráð fyrir að ferli á borð við endurskipulagningu íslensks fyrirtækjarekstrar gangi fyrir sig á án árekstri eða misættis. Til þess verða of mörg tilvik þar sem hagsmunir einstaklinga sem vinna að endurskipulagningunni fara ekki saman við hagsmuni heildarinnar. Það hlýtur þó að vera takmark þeirra sem að þessu starfi koma að fækka slíkum tilvikum eftir föngum, leita bestu aðferða og fylgja þeim eftir. Í því sambandi er ekki úr vegi að horft sé til reynslu annara þjóða, t.a.m. um vinnuferla og lagaramma.

Umræða á borð við þá sem fram fer hér á eftir og er römmuð inn í glærunni hér á bak við mig, er til þess fallin að varpa ljósi á ofangreind vandamál og viðfangsefni endurskipulagningar frá mörgum sjónarmiðum, en það er einmitt frumforsenda þess að þau verði nokkurtíman leyst.

Finnur Oddsson
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs